


Menningarráð



Suðurlands



Ársskýrsla 2011 - 2012

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 3 |
| Menningarráð Suðurlands 2011-2012 | 3 |
| Menningarfulltrúi Suðurlands | 3 |
| Starfsemi og verkefni Menningarráðs Suðurlands | 4 |
| Verkefnastyrkir ársins 2012 | 6 |
| Kynning á nokkrum verkefnum sem Menningarráð styrkir árið 2012 | 10 |
| Stofn- og rekstarstyrkir ársins 2012 | 13 |
| Lokaorð | 14 |
| Fylgiskjöl | 15 |

Inngangur

Í ársskýrslu Menningarráðs Suðurlands fyrir árið 2012 er greint frá störfum ráðsins á árinu. Auk þess verður gerð grein fyrir þeim verkefnum sem menningarfulltrúi hefur unnið að og styrkjum sem veittir voru.

Menningarráð Suðurlands árið 2011-2012

Menningarráð Suðurlands er kosið á aðalfundi SASS ár hvert. Stjórnarmenn í Menningarráði Suðurlands árið 2011 - 2012 eru:

- Eyþór H. Ólafsson, Hveragerðisbæ
- Ingebjörg Harðardóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi
- Íris Róbertsdóttir, Vestmannaeyjabæ, formaður
- Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþing eystra
- Kjartan Björnsson, Árborg

Menningarráð Suðurlands hóf starfsemi árið 2007 og byggir hún á samstarfssamningi sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál og menningarsamning þeirra við Mennta- og menningamálaráðuneyti og Iðnaðarráðuneyti.

Jafnframt þessum samningum byggir starfsemi Menningarráðs Suðurlands á stofnsamþykktum Menningarráðs. Í þeim er sagt til um vinnubrögð og verklag, stjórnarskipun, aðalfund og starfshætti almennt.

Samkvæmt samningnum og samþykktum skal Menningarráð Suðurlands vera samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál. Hefur Menningarráð meðal annars það hlutverk að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á starfssvæðinu og standa fyrir öflugum þróunarstarfi. Lögð er sérstök áhersla á samstarf sveitarfélaga, líkra og ólíkra listgreina og hópa menningarmála svo og einstaklinga. Einnig að úthluta fjármagni í formi verkefnastyrkja til menningarstarfsemi og menningartengdrar ferðaþjónustu á Suðurlandi samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga og hafa eftirlit með framkvæmd þess samnings.

Auk verkefnastyrkja veitti Menningarráð Suðurlands í fyrsta skipti á þessu ári stofn- og rekstrarstyrki sem voru auglýstir sérstaklega.

Menningarfulltrúi Suðurlands

Dorothee Lubecki skipulagsfræðingur hefur gegnt starfi menningarfulltrúa Suðurlands frá 1. október 2007. Helstu verkefni hennar samkvæmt samþykktum ráðsins og ráðningarsamningi eru eftirtalin:

- Dagleg umsýsla Menningarráðs Suðurlands
- Þróunarstarf í menningarmálum á Suðurlandi
- Fagleg ráðgjöf og verkefnastjórnun
- Efling samstarfs á sviði menningarmála
- Umsjón með styrkjum til menningarmála og kynning á verkefninu

Menningarráð Suðurlands hefur frá upphafi haft góða tengingu við skrifstofurnar að Austurvegi 56 á Selfossi. Sambúð við SASS, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Vaxtarsamning, Skólaskrifstofu Suðurlands og fleiri að Austurvegi 56 hefur verið mjög

farsælt. Gott samstarf hefur náðst við allar þessar stofnanir sem hefur gert það að verkum að Menningarráðið hefur tengst stoðkerfinu vel.



*Víkingardagar í Ölfusinu sumarið 2012
Mynd: Dorothee Lubecki*

Starfsemi Menningarráðs Suðurlands

Alls voru haldnir fimm bókaðir stjórnarfundir á árinu hjá Menningarráði Suðurlands fram til 30. september 2012. Stjórnarfundir fóru fram að Austurvegi 56 á Selfossi og einn fundur var símafundur.

Á árinu var áfram unnið að því að kynna Menningarráðið og veita faglega ráðgjöf við ýmis verkefni. Eins og fyrri ár hefur verið boðið upp á ráðgjöf í öllum sveitarfélögum, sérstaklega í tengslum við styrkauglýsingu Menningarráðs og hafa margir nýtt sér þann vettvang. Þeim sem þess hafa óskað var leiðbeint í gegnum allt umsóknarferlið og umsóknin lesin yfir. Drjúgur tími menningarfulltrúa Suðurlands hefur einnig farið í að aðstoða þá sem eftir því leita við að móta verkefni og sækja um fjármagn til verkefna.

Menningarfulltrúi tók þátt í ýmsum fundum og ráðstefnum, til dæmis má nefna ýmsar ráðstefnur á vegum Menntamálaráðuneytis, fundir Safnaklasa Suðurlands, á sæti í samráðshóp um uppbyggingu þekkingaseturs á Kirkjubæjarklaustri og fleira. Ennfremur tekur menningarfulltrúi þátt í hugmyndavinnu og situr fundi sem tengjast þróunarvinnu við einstök verkefni, ef þess er óskað.

Til að auka samstarf og upplýsingaflæði innan svæðisins heldur Menningarfulltrúi Suðurlands utan um samstarfshóp milli aðila á Suðurlandi sem starfa á sviði menningar- og ferðamála á vegum sveitarfélaga. Fundir í þessum samráðshópi eru óreglulegir en gagnlegir.

Eins og fyrri ár hefur menningarfulltrúi sótt allmarga atburði á starfssvæðinu, þ.á m. ráðstefnur, hátíðasamkomur, sýningar, tónleika, leiksýningar og fl. og haft mjög gaman af að sjá grósku og þróun í menningarlífi á öllu Suðurlandi. Því miður er samt sem áður ekki hægt, vegna tíma og kostnaðar, að menningarfulltrúi sækji alla viðburði, uppkomur og atburði í sunnlensku menningarlífi sem hafa hlotið styrki Menningarráðs Suðurlands. Á móti kemur að stjórnarmenn í Menningarráðinu eru einnig virkir í að fylgjast með því sem er að gerast í

menningarlífínu, hver á sínu svæði, sækja viðburði og miðla reynslunni til menningarfulltrúa og stjórnarmanna.



*Ljósmyndaklúbbur Blik – sýningaropnun á Hotel Selfossi
mynd: Dorothee Lubecki*

Af fjölmörgum þróunar- og samstarfsverkum sem menningarfulltrúi Suðurlands hefur komið að á undanfögnu má nefna Safnaklasa Suðurlands og stuðning við Safnahelgi Suðurlands, Uppbyggingu þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri, Upplit (Menningarklassi í uppsveitum Árnassýslu) og þróun gæðahandverks í Rangárfingi.

Umfangsmesta sérverkefni sem menningarfulltrúi hefur til þessa unnið að er „Safnahelgi á Suðurlandi“. Menningarfulltrúi heldur utan um undirbúning og framkvæmd á safnahelginni sem er orðin árlega viðburður og fer fram fyrsta helgi í nóvember ár hvert. Menningarfulltrúi hefur verið framkvæmdastjóri verkefnisins undanfarin ár og verður engin breyting á því á þessu ári.

Þjóðleikur er nýtt verkefni sem nær yfir allt Suðurland og er fyrirkomulagið svipað og við Safnahelgina. Menningarfulltrúi er stjórnarmönnum Þjóðleiks til aðstoðar, situr fundi og hjálpar til við að hrinda verkefninu í framkvæmd.

Menningarfulltrúar á landsbyggðinni hafa haft með sér samstarf og hist reglulega og hefur menningarfulltrúi Suðurlands verið virkur í því. Þannig funduðu menningarfulltrúar landshlutanna ásamt formönnum menningarráða allra landshlutanna í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík á vordögum 2012. Annar fundur fór fram á Hólmavík í maí 2012 m.a. með kynningu á Sauðfjársetri, Galdrasýningunni og Þróunarseturs Strandamanna á Hólmavík.

Þróunarverkefni var unnið með Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands. Þar var verið að setja upp gagnagrunn með hagtölum fyrir allt Suðurland. Menningarfulltrúi safnaði upplýsingum um allt sem tengist menningarstarfsemi á svæðinu og var gerð tilraun með að birta niðurstöðurnar á vef atvinnuþróunarsjóðs: <http://sudur.is/sidur/menning> Það má geta þess að hagtölur um menningarmál liggja ekki fyrir á landsvísu og er þetta verkefni það fyrsta sem hefur verið unnið á þessu sviði. Vitað er að upplýsingar á bak við núverandi yfirlitið eru ekki fullkomnar og eru þess vegna allar ábendingar og leiðréttingar vel þegnar.

Sérsamningur vegna menningarmiðstöðvar á Höfn í Hornafirði

Samningur um menningarmál var gerður milli Menningarráðs Suðurlands, Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Menningarráð Suðurlands, á grunni viljayfirlýsingar sem undirrituð var af mennta- og menningarmálaráðherra, fjármálaráðherra og bæjarstjóra Hornafjarðar, leggur Menningarmiðstöð Hornafjarðar til kr. 4 milljónir árin 2012 og 2013. Þessi fjárhæð skerðir ekki starfsemi eða styrkveitingar ráðsins, enda um viðbótarfjármagn að ræða eins og fram kemur í fjárhagsyfirliti Menningarráðs Suðurlands.

Verkefnastyrkir ársins 2012

Á þessu ári var einu sinni úthlutað úr verkefnasjóði Menningarráðs Suðurlands. Í febrúar var auglýst eftir umsóknum um styrki til eflingar menningarlífs á Suðurlandi. Alls bárust 171 umsóknir og var sótt um u.þ.b. 132 milljónir samtals. Á fundi ráðsins sem haldinn var þann 11. apríl, var samþykkt að veita 104 umsækjendum styrki, samtals u.þ.b. 25,7 milljónir. Styrkupphæðir voru á bilinu 50.000.- kr og 1.000.000.- kr.




Styrkþegar 2012, mynd: Dorothee Lubecki


Árið 2012 voru eftirfarandi áherslur::

- *Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlega eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.*
- *Verkefni sem efla nýsköpun tengd menningu.*
- *Verkefni sem stuðla beint að fjölgun atvinnutækifæra.*
- *Verkefni sem styðja við menningartengda ferðaþjónustu.*
- *Verkefni sem draga fram staðbundin eða svæðisbundin menningareinkenni eða menningararf*

Yfirlitið hér fyrir neðan sýnir fjölda umsókna og styrkþega árið 2012 samanborið við fyrri ár:




Umfang þeirra verkefna sem sækja til Menningarráðsins er misjafnt. Þau verkefni sem sótt var um styrki til vegna ársins 2012 eru áætlað, að kosti rúmlega 480 millj. króna í heild. Styrkir Menningarráðs eru því ekki nema hluti af heildarfjármögnun verkefna. Heildarkostnaður verkefna sem sækja um til Menningarráðs Suðurlands hefur vaxið frá árinu 2007, einnig umbeðnar fjárhæðir. Heildar styrkuppþæðir Menningarráðs sveiflast lítillega ár frá ári eins og sjá má hér:



Styrkumsóknir hafa borist úr öllum sveitarfélögum á Suðurlandi og sýnir næsta mynd fjölda umsókna og styrkveitingar eftir sveitarfélögum árið 2012. Við skráningu var í flestum tilfellum miðað við staðsetningu verkefnisins. Samstarfsverkefni á milli sveitarfélaga eru sett í sérflokk og verkefni sem ná yfir allt Suðurland einnig. Samstarfið getur verið mismunandi. Í


sumum tilfellum starfa aðila úr mismunandi sveitarfélögum beinlínis saman og/eða verkefni (t.d. tónleikar, sýningar) fara fram á fleiri stöðum.



Ljóst er að mikill hugur er í fólki og greinilegt er að menn eru með stórar hugmyndir sem eiga vonandi eftir að setja svip sinn á menningar- og atvinnulífið á Suðurlandi. Umfang verkefna sem verið er að vinna að er mikið. Þrátt fyrir að styrkveitingar Menningarráðs Suðurlands séu tiltölulega litlar í samanburði við raunkostnað verkefna er greinilegt að styrkveitingar ráðsins hafa mjög jákvæð áhrif á framþróun mála. Í nokkrum tilfellum hefur orðið til samstarf milli ólíkra aðila vegna þess að menn kynntust við afhendingu menningarstyrkja og hafa menn ráðist í stærri og öðruvísi verkefni en áður. Flest verkefni sem Menningarráð Suðurlands hefur ákveðið að styrkja hingað til hafa verið framkvæmd með góðum árangri.


Almennt voru umsóknir vel unnar og fjölbreytni umsókna dreifðist ágætlega á milli hinna ýmsu flokka sem menningarlífið byggir á, en gróska og fjölbreytni í tónlistarlífinu er áberandi eins og sl. ár. Flokkun verkefna sem hér er notuð er í samræmi við flokkun sem menningarfulltrúar landsins hafa ákveðið til að auðvelda samanburð á milli landshluta. Áberandi var að þessu sinni hversu marga umsóknir á sviði matargerða og vöruþróunar bárust. Ákveðið var að neita öllum slíkum umsóknum og flokkast þau undir liðnum „annað“ á myndinni hér fyrir neðan.

Skiptingin á milli listgreinar er eftirfarandi:



Úthlutun verkefnastyrkja fyrir árið 2012 fór fram í Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi þann 6. maí 2012. Í tengslum við úthlutunina var haldið smá málþing. Elfar Logi Hannesson, leikari og formaður listamannafélags á Vestfjörðum, kynnti starfsemi félagsins og Hrunn Gunnsteinsdóttir, ráðgjafi og skáld flytti erindið: „Tækifærin sem felast í landamæraleysi“. Þetta framtak mældist mjög vel fyrir og var þátttakan með besta móti.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra ávarpaði samkomuna og afhenti styrki. Styrkþegar sáu um að krydda samkomuna með tónlistarburðum. Kaffiveitingar voru í boði Sveitarfélagsins Árborgar.



Þorbergssetrið Hala í Suðursveit, mynd: Dorothee Lubecki

Kynning á nokkrum verkefnum sem menningarráð styrkir árið 2012

Þjóðleikur, verkefnið hlaut 1.000.000.- kr. styrk

Þjóðleikur er stórt leiklistarverkefni sem haldið er að frumkvæði Þjóðleikhússins í fimm landshlutum í vetur í samstarfi við Menningarráð, sveitarfélög og fleiri aðila. Þjóðleikur er leiklistarhátíð ungs fólks á aldrinum 13 – 20 ára og í raun getur



hvaða hópur sunnlenskra ungmenna sem er tekið þátt. Einu skilyrðin eru að a.m.k. einn fullorðinn einstaklingur eldri en 20 ára leiði hópinn. Leiðbeinendur hópanna fá ókeypis undirbúningsnámskeið í Þjóðleikhúsinu. Einnig verður boðið upp á sérnámskeið í ljósatækni, leikmyndavinnu og förðun. Það verður haldið á Suðurlandi.

Hver hópur setur upp eitt af þremur leikverkum sem hafa verið skrifuð sérstaklega fyrir Þjóðleik.

Hóparnir frumsýna þegar þeim hentar í sinni heimabyggð, en eina helgi í apríl 2013 koma allir hóparnir saman á leiklistarhátíð þar sem öll verkin verða sýnd. námskeið með stjórnendum leikhópa í Reykjavík, hópar velja leikverk og fara að vinna sjálfstætt í sinni heimabyggð

Markmiðið með Þjóðleik er tvímælaust að efla sviðslistir á Suðurlandi og ala jafnvel af sér enn fleiri listamenn sem gerast fagfólk í sviðslistum og geta starfað bæði hér á Suðurlandi og um allan heim. Árangur og markmið með slíku verkefni er einnig aukin félagsfærni barna og unglunga á Suðurlandi sem skilar sér í auknu sjálfstrausti og betri einstaklingum til þess að taka þátt í sunnlensku samfélagi. Þjóðleikur þjálfar börn og unglunga í að koma fram, eykur samskiptahæfni þeirra, þau læra að vinna í hóp og kynnast hvort öðru og eru þá vonandi hæfari til þess að vinna saman í framtíðinni þvert á hreppamörk og ekki þarf að efast um forvarnargildi verkefnisins. Menningarstarf, ekki síst leiklistarstarf er til þess fallið að koma okkur íbúum út úr hefðbundnum „kössum“. Einstaklingarnir verða meira skapandi og aukin „dýnamik“ verður í samfélaginu.



Á Listasafni Árnesinga í Hveragerði
Mynd: Dorothee Lubecki

Gersemi ertu! – Gestaboð Hallgerðar. Verkefnið hlaut 700.000.- kr. styrk

Verkefnið er fólgið í því að setja á svið leiksýningu sem byggir á persónum og atburðum úr Brennu-Njálssögu þar sem Hallgerður langbrók verður í aðalhlutverki. Leiksýningin verður leikin af tveimur leikurum, leikkonu sem leikur Hallgerði og leikara sem leikur karlana í lífi hennar. Það er ætlun að segja sögu Hallgerðar á nýstárlegan og gamansaman hátt. Auk þessa er makmiðið að kynna Njálu og auka áhuga almennings á sögunni og sögusviðinu og auka þannig áhuga ferðamanna á héraðinu, náttúru þess og sögu.

Verkefnið er samstarfsverkefni milli Atgeirs ehf og Samóvars ehf, sem er menningarfélag Hlínar Agnarsdóttur leiklistarfræðings og rithöfundar sem jafnframt er höfundur verksins og leikstjóri. Elva Ósk Ólafsdóttur, leikkona leikur Hallgerði.

Listahátíð unga fólks á Suðurlandi, verkefnið hlaut 500.000.- kr styrk

Með listahátíð fyrir ungt fólk á Suðurlandi á að efla og styrkja tengslanet ungs fólks á Suðurlandi en um leið efla sköpunarkrafta þeirra og opna fyrir þeim ýmsar leiðir innan skapandi greina. Leiðbeinendur verða flestir úr heimabyggð auk aðkeyptrá leiðbeinanda í afmörkuð verkefni. Aldurshópurinn er 16-25 ára.

Á Listahátíðinni verður boðið uppá 8 smiðjur:



Podium festival, mynd: Dorothee Lubecki

Menning fyrir miðnætti, verkefnið hlaut 400.000.- kr. styrk

Menning fyrir miðnætti er metnaðarfullt menningardagskrá sem fer fram í Vinaminni, einstöku kaffihúsi í Eyjum sem er safn heimilda um byggðina sem fór undir hraunið í eldgosinu 1973. Stefnt er að því að halda áfram að bjóða uppá alþýðumenningu með fjölbreytileika listformsins að leiðarljósi, þar sem breiður aldurshópur bæði gesta og listamanna sameinast í að njóta Menningar fyrir miðnætti. Verkefnið er samstarfsverkefni við listafólk úr flestum greinum s.s. rithöfundar, ljóðskáld, leikfélag, tónlistarfólk, kvikmyndagerðarfólk.

Menningardagskrá Vinaminnis er einnig líklegt til að laða að ferðamenn allt árið. Má þar sérstaklega nefna Ör-tónleika með sögumanni sem eru sérstakleg ætlaðir ferðamönnum.

Skáldasetur – farandsýning í Hveragerði, verkefnið hlaut 350.000.- kr styrk

Kveikjan að verkefninu var sýningin „Hveragerði – vin skáldanna“ sem sett var upp á vegum Félags eldri borgara í Hveragerði árið 2011. Stjórn Listvinafélags Hveragerðis hefur unnið að verkefninu og er stefnt að því að stofna skáldasetur í framtíðinni. Farandsýningin fékk nafn og heitir nú: „Listamannabærinn Hveragerði – fyrstu árin. Guðrún Tryggvadóttir, hönnuður sýningarinnar, kom með nýjar hugmyndir um útfærslu og framsetningu og tengist sýningin inn í nútímann á skemmtilegan hátt, þar sem fólk af báðum kynjum og á ýmsum aldri er leitt fram sem lesendur verka skáldanna og segir álit sitt á viðkomandi efni úr verkum þeirra. Akveðið var að láta gera vefsíðu <listvinir.is> sem er þegar komin í loftið en er enn í þróun.

Landnámsdagur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, verkefnið hlaut 200.000.- kr styrk

Landnámsdagur er viðburður í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem haldinn er annað hvert ár. Upprunaleg hugmynd kviknaði í stefnumótunavinnu í ferðapjónustu fyrir mörgum árum, en kom fyrst til framkvæmda árið 2004 í tengslum við Evrópu verkefnið Destination Viking Sagalands sem Uppsveitir Árnessýslu voru aðilar að.



Dagurinn hefur veidd haldinn þrisvar sinnum með góðum árangri og hefur nú verið fastsettur annað hvert ár. Meðal atriða á Landnámsdegi má nefna þjóðlega dagskrá um landnámstíð og landnámsmenn í Þjóðveldisbæ, staðarskoðun á Stöng með leiðsögn fornleifaverndar, tónlistarhópar hafa flutt þjóðlega tónlist, fræðimenn hafa flutt erindi um landnámsmenn og sögu Þjórsárdals, leikhópar hafa flutt leikþætti með sögupema, opin býli og fræðsla um nútíma búskaparhætti. Þjóðlegar veitingar og dagskrá um Landnámsmenn og fornhetjur á borð við Gauk á Stöng og Olaf Tvennumbrúna sem sigldi frá Lofoten í Noregi, nam Skeið og settist að á Ólafsvöllum.



*Friðheimar – sýningaropnun
Mynd: Dorothee Lubecki*

Stofn- og rekstrarstyrki 2012

Nú á árinu 2012 veitti Menningarráð Suðurlands í fyrsta skipti styrki til stofnkostnaðar og rekstrar menningarstofnana á Suðurlandi. Þetta er gert á grundvelli viðauka við menningarsamning milli ríkisins og Samtaka sunnlenska sveitarfélaga (SASS) sem undirritaður var fyrr á árinu. Áður var úthlutun þessara stofn- og rekstrarstyrkja frá ríkisvaldinu í höndum fjárlaganefndar Alþingis, en hún hefur nú hætt úthlutun á styrkjum til ýmissa stofnana og verkefna á grundvelli umsókna til nefndarinnar.

Samkvæmt samningnum fær Menningarráð Suðurlands 12,4 milljónir til ráðstöfunar árin 2012 og 2013, sem heimilt er að veita til stofn- og rekstrarstyrkja. Hluti af því fjármagni sem fjárlaganefnd Alþingis ráðstafaði áður til menningarverkefna var nýttur í að styrkja aðra opinbera menningarsjóði eins og t.d. Safnasjóð og Húsafriðunarsjóð. Þá fékk mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagn til að ráðstafa til menningarstarfsemi á grundvelli umsókna sem bárust ráðuneytinu. Við þá úthlutun var einkum horft til þeirra aðila og verkefna sem vegna eðlis starfseminnar áttu ekki möguleika á styrk frá menningarráðum landshlutanna eða úr öðrum opinberum sjóðum.

Alls bárust 19 umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki til Menningarráðs Suðurlands þegar eftir þeim var auglýst og var beðið um framlög að upphæð rúmlega 40 milljón. Að þessu sinni fengu 10 aðilar stuðning, samtals að upphæð 11,8 milljónir. Voru upphæðir framlagsins frá Menningarráði Suðurlands á bilinu 600 þúsund til 4 milljónir.

Eftirtaldir aðilar fengu stofn- og rekstrarstyrk frá Menningarráði Suðurlands árið 2012:

| Styrkþegi | Verkefni | Úthlutun |
|----------------------|---|-----------|
| Fjallasaum ehf. | Njálurefill | 600.000 |
| Gull og gersemar ehf | Gullkistan | 600.000 |
| Gunnarsholt | Sognhúsið | 600.000 |
| Kötlusetur | Kötlusetur | 1.000.000 |
| Listasafn Árnesinga | Listasafn Árnesinga | 1.000.000 |
| Sögusetur 1627 | Lifandi úrvinnsla menningarstarfs Vestmannaeyja | 1.000.000 |
| Eyrbúið ehf | Gestastofan Þorvaldseyri | 1.000.000 |
| Íslenski bærinn | Íslenski bærinn | 1.000.000 |
| Veiðisafnið ses | Veiðisafnið – stækkun | 1.000.000 |
| Kirkjubæjarstofa ses | Kirkjubæjarstofa ses | 4.000.000 |

Lokaorð

Menningarráðin á landsbyggðinni hittast a.m.k. tvisvar á ári. Við höfum í samstarfi okkar meðal annars heimsótt menningarstofnanir á landsbyggðinni og í Reykjavík, gefið út sameiginlegan bækling sem kynnir menningarráðin. Við erum ánægð með samstarfið og teljum mjög gagnlegt að vinna saman að margvíslegum málefnum.

Við viljum þakka Samtökum sunnlenskra Sveitarfélaga, sveitastjórnarmönnum og öðrum sem hafa lagt Menningarráði Suðurlands lið í samningum við ráðuneytin um nýjan samning um stofn- og rekstrarstyrki.

Áhugi heimamanna hefur sýnt sig í fjölda glæsilegra umsókna í sjóðinn. Fjölbreytt og ný verkefni í tónlist, menningartengdri ferðaþjónustu, kvikmyndum og fl. hafa fengið hvatningu með styrkveitingum og ljóst er að samningurinn er farinn að virka sem mjög jákvæð hvatning í þróun menningarlífs á Suðurlandi. Búið er að kortleggja menningarlandslag Suðurlands að einhverju leyti og verður hægt að vinna út frá þessu við frekari þróun og uppbyggingu á komandi árum. Greinilegt er að tilkoma Menningarsamnings og starfs menningarfulltrúa hafa skapað samastað fyrir listamenn og annað menningarfólk á svæðinu.

Menningarráð Suðurlands, stjórn og starfsmaður, vilja að lokum þakka þeim fjölmörgu sem hafa verið í samskiptum við ráðið á árinu 2011/2012 varðandi menningarstarf á Suðurlandi.

Íris Róbertsdóttir, formaður
Eypór H. Ólafsson, stjórnarmaður
Ingibjörg Harðardóttir, stjórnarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, stjórnarmaður
Kjartan Björnsson, stjórnarmaður
Dorothee Lubecki, menningarfulltrúi



*Úr listasmíðju náttúrunnar
Mynd: Dorothee Lubecki*

Fylgiskjöl

| Styrkveitingar Suðurland 2012 | | |
|---|-----------------|---|
| Umsókn | úthlutun | Umsækjandi |
| Þýskir menningarviðburðir tengdir árstíðum | 50.000 | Þýsk-íslenska vinafélag á Suðurlandi |
| Þjóðleg tónlist á ferð og flugi | 75.000 | Blokkflautukvartett Rangárbings |
| Foldarskart | 100.000 | Harpa Jónsdóttir |
| Mér er líka skemmt | 100.000 | Jóhannes Sigmundsson |
| Kóramót | 100.000 | Hörpukórinn |
| Þverflaututónleikar / Flautukór | 100.000 | Védís Guðmundsdóttir |
| Í faðmi Suðurlands | 100.000 | Jóhann Stefánsson |
| Söguganga upp með Öxará | 100.000 | Margrét Sveinbjörnsdóttir |
| Upplýsingaskilti í Flóahreppi | 100.000 | Flóahreppur |
| Vorvaka | 100.000 | Hringur, kór eldri borgara í Rangarvallas. |
| Líkan af Eldmessukirkjunni | 100.000 | Minningarkapella sr. Jóns Steingrímssonar |
| Útvarp unga fólksins | 100.000 | Stefán Hanneson |
| Sígild tónlist milli sanda | 100.000 | Brian R. Haroldsson og fl. |
| Sigur lífsins - dagskrá 6. apríl 2012 | 100.000 | Kirkjubæjarstofa ses |
| Ljósmyndanámskeið og -samkeppni | 100.000 | Sveitarfélagið Árborg |
| Menningarveisla Sólheimar | 100.000 | Sólheimar ses |
| Söguferð um þorpin | 150.000 | Siggeir Ingólfsson |
| Þingborg í útrás | 150.000 | Þingborgarhópur |
| Þjórsátúnsvöllurinn 100 ára - söguskilti | 150.000 | Héraðssamband Skarphéðinn |
| Pysjusaga | 150.000 | Örn Hilmisson og fl. |
| Menningarþræðir | 150.000 | Menningar-, íþrótt- og frístundasvið Hveragerðisbæjar |
| Óperutónleikar Söngsveitar Hveragerðis | 150.000 | Söngsveit Hveragerðis |
| Ljósmyndspegill - mannlífið í kringum hverina | 150.000 | Menningar-, íþrótt- og frístundasvið Hveragerðisbæjar |
| Konungsvegur - skref fyrir skref | 150.000 | Anna Kr. Ásmundsdóttir |
| Sjómennska er ekkert grín | 150.000 | Sagnheimar, byggðasafn |
| Tónleikaferð Brother Grass 2012 - Suðurland | 150.000 | Brother Grass |
| Stjörnur | 150.000 | Sæheimar – Fiskasafn |
| Fyrsti bæjarlistamaður Hvergerðinga | 150.000 | Félag eldri borgara í Hveragerði |
| Frumbyggjar fá orðið - framhald | 150.000 | Menningarnefnd Ölfuss |
| Sjómaður á verferð - safnfræðsluverkefni | 150.000 | Lýður Pálsson |
| Blík ljósmyndasýningar | 150.000 | Ljósmyndaklúbbur Blík |
| Brú til Borgar 2012 | 150.000 | Hollvinir Grímsnes |

| | | |
|---|---------|--|
| Tónleikar kirkjukórar Ólafsvallakirkju og Stóra-Núpskirkju og Hljómdiskur | 200.000 | Kirkjukórar Ólafsvallakirkju og Stóra-Núpskirkju |
| Að smiða kljásteynavefstað | 200.000 | Auður Hildur Hákonardóttir |
| Sólarferð eftir Guðmund Steinsson - leikrit | 200.000 | Leikfélag Selfoss |
| Úteyjarlíf Árna Árnasonar | 200.000 | Ritnefnd Úteyjalífs og Bókasafn Vestmannaeyja |
| 100 Eyjalög úr ísl. Handritum 1550-1850 | 200.000 | Tónlistarskóli Vestmannaeyjar |
| Heilmýndakvikmynd Rangæingafélagsins gerð um 1950 | 200.000 | Rangæingafélagið |
| Örnefnaskráning í Mýrdalshreppi | 200.000 | Kötlusetur |
| Jazz undir fjöllum 2012 | 200.000 | Byggðasafnið í Skógum |
| Tónleikar í Kálfafellsstaðarkirkju | 200.000 | Þórbergssetur |
| Sunnledingur á Ólympíuleikum | 200.000 | Héraðssamband Skarphéðinn |
| Tónleikar Karlakórs vestur Skaftfellinga | 200.000 | Karlakór Vestur-Skaftfellinga |
| Banastuð - leiksýning | 200.000 | Leikfélag Vestmannaeyja |
| Ljós í leikhúsi - Tónleikar | 200.000 | Leikfélag Vestmannaeyja |
| Leiklistarnámskeið - Barnastarf | 200.000 | Leikfélag Rangæinga |
| Barnaleikrit Lína Langsokkur | 200.000 | Leikfélag Hveragerði |
| Leiksýning | 200.000 | Leikfélag Rangæinga |
| Krabbakverið | 200.000 | Sæheimar – Fiskasafn |
| Söguskilti, framhald | 200.000 | Katrín J. Óskarsdóttir |
| Nemendaleikrit Fsu | 200.000 | Nemendafélag Fsu |
| Landnámsdagur | 200.000 | Skeiða- og Gnúpverjahreppur |
| Leikur að menningu | 200.000 | Leikfélag Vestmannaeyja |
| Lifað með náttúruöflunum - ljósmyndasýning | 200.000 | Ástþór Jóhannesson |
| Leikið á safni | 200.000 | Byggðasafn Árnesinga |
| Menningarbrú | 200.000 | Menningarheimili Oddasóknar |
| Saga íslenskrar ylæktar í myndum og máli | 200.000 | Knútur Ármann og Helena Hermundsdóttir |
| Ferjumaðurinn | 200.000 | Árni Þór Guðmundsson |
| Íslenskt leikverk í fullri lengd | 200.000 | Leikfélag Ölfus |
| Arfur - miðlun örnefna úr gagnagrunni Kirkjubæjarstofu | 200.000 | Kirkjubæjarstofa ses |
| Áhugaljósmyndasýning á Hornafirði | 200.000 | Ríki Vatnajökuls |
| Landsmótin á Selfossi í mynd | 200.000 | Sveitarfélagið Árborg |
| Varðveisla á Litla-Bergþór | 250.000 | Ungmennafélag Biskupstungna |
| Stórt hjarta | 250.000 | Hark Kvikmyndagerð |
| Víkingadagur í Ölfusi | 250.000 | Margrét Hrönn Hallmundsdóttir |
| Undurfagra ævintýr - Oddgeirsdagur í Eyjum | 250.000 | Sögumiðlun ehf. |
| Þjóðsaga (fjölskyldutónleikar á Höfn) | 250.000 | Hafsteinn Þórólfsson |
| Skaftholtsréttir | 250.000 | Vinir Skaftholtsréttar |
| Beitningaskúrinn | 250.000 | Byggðasafn Árnesinga |
| Verbúðalífið lifnar við | 250.000 | Menningarmiðstöð Hornafjarðar |

| | | |
|---|------------|--|
| Upplitsdjarfur - hæfileikakeppni Uppsveitanna | 250.000 | Upplit, menningarklasi Uppsveita Árnessýslu |
| Gullfoss | 250.000 | Dansfélagið Krummi |
| Fjallkóngur og fjöruneysi | 250.000 | Guðmundur Bergkvist |
| Podium festival í Selinu á Stokkalæk | 300.000 | Tónlistarhátíðin Podium festival |
| Tónahátíð félagsheimilanna í Flóa | 300.000 | Rekstrarstjórn félagsheimilanna í Flóahreppi |
| Ljósmyndasýning í Þórbergssetri | 300.000 | Þórbergssetur |
| Þjóðminjar og þjóðhættir | 300.000 | Þórður Tómasson |
| Merkigil - Tónleika- og menningarhús | 300.000 | Unnur Arndísardóttir |
| Karлакór Hreppamanna - Giuseppe Verdi 200 ára afmæli | 300.000 | Karлакór Hreppamanna |
| Fræðslusýningar - íslensk myndlist | 300.000 | Menningarmiðstöð Hornafjarðar |
| Söngurinn er lífið | 300.000 | Barna- og unglingskór Selfosskirkju |
| Í sambúð með óværum granna | 300.000 | Ragnheiður Gló Gylfadóttir |
| Þjóðlagasveitin Korka - geisladisksútgáfa | 300.000 | Þjóðlagasveitin Korka |
| Sögusýning í Skaftárstofu 2012 | 300.000 | Kirkjubæjarstofa ses |
| Skáldasetur - farandsýning | 350.000 | Listvinafélag Hveragerðis |
| Víkingó - með hausinn fullan af hönum | 400.000 | Þorfinnur Guðnason |
| Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri | 400.000 | Menningarmálanefnd Skaftárhrepps |
| Stórviðburðir á stórafmæli - munir og minningar í Safnahúsi Vestmannaeyja | 400.000 | Vestmannaeyjabær |
| Sögur í máli og myndum | 400.000 | Bókasafnið í Hveragerði |
| Lúðrarokk | 400.000 | Lúðrasveit Vestmannaeyja ofl. |
| Norden Blues og culture festival | 400.000 | Blúsfélagið Hekla |
| Tónar við hafið, tónleikaröð | 400.000 | Menningarnefnd Ölfuss |
| Ljósmyndasýning og -samkeppni áhugamanna-Katla Geopark | 400.000 | |
| Ásjóna | 400.000 | Listasafn Árnesinga |
| Horizonic | 400.000 | Listasafn Árnesinga |
| Vinnuheitið: hönnun/myndlist | 400.000 | Listasafn Árnesinga |
| Kristinn Pétursson og list hans | 400.000 | Listasafn Árnesinga |
| Menning fyrir miðnætti | 400.000 | Vinaminni kaffihús |
| Listahátíð unga fólks á Suðurlandi | 500.000 | Menningarmiðstöð Hornafjarðar |
| Safnahelgi á Suðurlandi 2012 | 500.000 | Samtök safna á Suðurlandi |
| Sumartónleika í Skálholtskirkju 2012 | 500.000 | Sumartónleika í Skálholtskirkju |
| Gersemi ertu! | 700.000 | Atgeir ehf. |
| Myndasetur Suðurlands | 1.000.000 | Héraðsskjalasafn Árnesinga |
| Þjóðleikur | 1.000.000 | Þjóðleikur á Suðurlandi |
| | 25.675.000 | |